


Verðbólga hjaðnar hratt núna en þensla í haust


9/2 2021

Ársverðbólga fór yfir 4% vikmörk í janúar. Um hríð hafði stefnt þangað, en eftir að Seðlabankinn fór að kaupa um það bil aðra hverja krónu á gjaldeyrismarkaði í ágúst hætti gengið að falla og útlit var fyrir að ársverðbólga héldist undir mörkum. Samtals keypti bankinn tæplega 130 milljarða króna á gjaldeyrismarkaði frá ágúst til janúar, en gjaldeyrissjóðurinn rýrnaði um 17% á þessum tíma.



Hér er gert ráð fyrir að ársverðbólgan lækki hratt og verði undir 2% frá janúar 2021 til janúar 2022. Þetta er ekki langt frá því sem Hagstofa, Seðlabanki og Íslandsbanki búast við. Meginforsendan er að krónan verði áfram stöðug. Inngrip Seðlabankans breyta engu um vaxtakjör hjá bankanum. Inngripin hafa því ekki varanleg áhrif á gengið – það fellur þegar bankinn hættir að kaupa krónur ef aðrar aðstæður breytast ekki. En Seðlabankinn á 800 milljarða í gjaldeyri og ætti því að geta haldið krónunni uppi um allanga hríð. Líklega styrkist hún fyrst eftir að landið opnast fyrir ferðamönnum, en nú er reiknað með að það verði ekki fyrir en í ágúst.

Ætla má að laun hækki áfram hraðar en verðlag. Það er nokkuð sérstakt á samdráttartímum, ekki síst þegar krónan hefur hríðfallið, eins og hún gerði fram eftir liðnu ári. Launþegar njóta hagstæðra kjarasamninga sem voru gerðir í lok þensluskeiðs. Lægstu laun hækkuðu um tæp 5% nú um áramótin og hækkunin gengur upp launaskalann á nokkrum misserum ef marka má reynsluna. Líkanið vanspáði launahækkunum á seinni hluta árs 2020, en kauphækkunir opinberra starfsmanna virðast hafa valdið mestu um hækkun launa á þeim tíma.



Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi vaxi fram á vor, en falli í sumar, eins og það gerir yfirleitt á sumrin. Atvinnuleysið minnkar síðan áfram í haust, en nú er reiknað með að landið opnast í ágúst, eins og áður kom fram. Sem fyrr er gert ráð fyrir að landið opnast í einu vetfangi, en líkast til er raunhæfara að það gerist í áföngum. Þeir sem geta framvísað ónæmisvottorði eiga greiða leið inn í landið og sennilega fjölgar hratt í þeim hópi. Ekki eru allir á einu máli um hvað áhugi á ferðalögum vaknar fljótt aftur. Margir hafa nú

áttað sig á kostum fjarfunda og rætt er um að ferðum á stutta fundi kunni að fækka þegar pestin fjarar út. En fólk heldur áfram að fara í frí og flestar Íslandsferðir hafa verið af því tagi. Víða ráðgera menn ferðalög með meiri fyrirvara en hér, og óvissan torveldar farpantanir núna. Það kann að halda aftur af ferðum hingað í sumar og haust. Hér er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði svipað að jafnaði árið 2021 og árið á undan, eða 5,7%. Það var 5,5% 2020, samkvæmt könnun Hagstofunnar, og í desember var atvinnuleysi jafnt ársmeðaltalinu. Ef landið verður lokað allt til ársloka 2021 hækkar atvinnuleysisspáin fyrir allt árið í um 6,5%. En aðrir nefna enn hærri tölur. Seðlabankinn hefur nú lækkað spá sína um atvinnuleysi ársins 2021 í 7,3%, úr 8,3% í nóvember. Hagstofan gerir ráð fyrir 6,8% atvinnuleysi 2021.

Spár um atvinnuleysi 2021	
Hagfræðistofnun	5,7%
Hagstofan	6,8%
Seðlabanki	7,3%


Hér hefur alls staðar verið rætt um atvinnuleysi eins og Hagstofan mælir það, en nokkru munar á tölum hennar og skráðu atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun. Í nóvember var atvinnuleysi 6,4% samkvæmt mælingu Hagstofu, en Vinnumálastofnun taldi „almenn atvinnuleysi“ vera 10,4%. Stofnanirnar nota hvor sína skilgreiningu en meginskýringin á mun á tölunum núna er að atvinnulausir svara síður en aðrir spurningum Hagstofunnar. Almenn svörun í könnun hennar í nóvember var tæp 70%, en aðeins náðist í rétt tæpan

helming fólks á atvinnuleysisskrá. Erfitt er að ná til útlendinga sem ekki hafa verið lengi á landinu. Þetta stafar meðal annars af því að þeir útvega sér síður íslenskt símkort eftir að eitt farsímagjald var innleitt á Evrópska efnahagssvæðinu fyrir nokkrum árum.¹ Niðurstaðan er sú að Hagstofan vanmetur atvinnuleysi að öllum líkindum um þessar mundir. En það mælir með hennar tölum að hún beitir sömu aðferðum og aðrar hagstofur. Ekki er ólíklegt að þar stríði menn við svipaðan vanda.

Myndin hér á eftir sýnir atvinnuleysi í desember samkvæmt Hagstofu Evrópu (e. Eurostat). Atvinnuleysi er minna á Íslandi en í Svíþjóð og flestum Suður-Evrópulöndum, en meira en víða í Mið-Evrópu.

1 Ólafur Már Sigurðsson, Hagstofu Íslands, Nýr mælikvarði í vinnuafismælingum, minnisblað, samtal við Ólaf.

Atvinnuleysi í Evrópulöndum í desember 2021, árstíðaleiðrétt.



Heimild: Eurostat.

Bæklingur | Stjórnarmörk: © EuroGeographics © UN-FAO © Turkstat, kortlag

Líklegt er að húsnæðisverð taki aftur að hækka í haust þegar erlendir ferðamenn taka aftur að streyma hingað og vinnumarkaðurinn lifnar við. Hér er því spáð að húsnæðisverð hækki alls um 3-4% umfram almennt verðlag á árinu.